



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. júní 2026

Málsnúmer: SFS25030161

TILLAGA

Tillaga að endurnýjun samnings við Myndlistaskólann í Reykjavík vegna almennra vetrarnámskeiða fyrir börn og ungmenni á vettvangi skólans.

Lagt er til að meðfylgjandi samningur við Myndlistaskólann í Reykjavík til eins árs verði samþykktur að upphæð 22.000.000 kr. Tímabil samnings verði 1. ágúst 2026 – 31. júlí 2027. Gerður er fyrirvari um að uppfylltar séu samningsbundnar skyldur samkvæmt núgildandi samningum.

Greinargerð:

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur um áratugaskeið boðið námskeið ætluð börnum og ungmennum.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. maí 2021 og í borgarráði þann 3. júní 2021 var samþykkt að gera samning um styrk til Myndlistaskólans í Reykjavík að fjárhæð 22.000.000 kr. fyrir hvert skólaár til þriggja ára vegna almennra vetrarnámskeiða. Viðauki til eins ár var samþykktur á fundi skóla- og frístundaráðs 27. maí 2024 og á fundi borgarráðs 6. júní 2024. Í kjölfarið var samþykkt í skóla- og frístundaráði 26. maí 2025 og á fundi borgarráðs 5. júní 2025 að gera samhljóma samning til þriggja ára við Myndlistaskólann. Forsvarsmenn Myndlistaskólans höfnuðu samningnum vegna óánægju með óbreyttar forsendur samningsins. Svo fór að á fundi skóla- og frístundaráðs 8. september 2025 og á fundi borgarráðs 18. september 2025 var fyrra samþykki fyrir 3 ára samning fellt úr gildi og samþykkt að gera samning með eins árs gildistíma að fjárhæð 22.000.000 kr.

Forsvarsmenn Myndlistaskólans og skóla- og frístundasviðs f.h. Reykjavíkurborgar undirrituðu samninginn 24. september 2025 sem er með gildistíma til 31. júlí 2026.

Myndlistaskóli Reykjavíkur hefur ár hvert skilað inn tilskyldum upplýsingum um verkefnið til skóla- og frístundasviðs eins og kveðið er á um í samningi.

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýs samnings við Myndlistaskólann í Reykjavík um styrk við almenna starfsemi fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri en samningurinn fellur úr gildi 31. júlí 2026.



Reykjavík



Óskað er eftir að meðfylgjandi samningur til eins árs verði samþykktur að upphæð 22.000.000 kr. Tímabil samnings verði 1. ágúst 2026 – 31. júlí 2027. Gerður er fyrirvari um að uppfylltar séu samningsbundnar skyldur samkvæmt núgildandi samningum.

Kostnaður vegna styrks til Myndlistaskólans rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs til listfræðslu vegna ársins 2026.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur staðfest að umræddur samningur sé ekki útboðsskyldur skv. lögum um opinber innkaup nr. 120/2016.

Að beiðni Myndlistaskóla Reykjavíkur er að finna í fylgiskjöllum minnisblað þeirra vegna málsins undirritað af Áslaugu Thorlacius skólastýru.

Hjálagt:

Drög að samningi

Reglur Reykjavíkurborgar um styrk

Minnisblað frá Myndlistaskólanum



Reykjavík



Samningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 500796-2359, annars vegar og Myndlistaskólinn í Reykjavík, kt. 460269-4079, Rauðarstíg 10, 105 Reykjavík, hins vegar gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Skilyrði og markmið

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur. Myndlistarskólinn aflar og kannar sakavottorð starfsfólks sem sinnir starfi með börnum og tryggir að þeir standist þær kröfur sem leiða af 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Markmið samningsaðila er að styrkja og efla myndlistarnám barna og unglinga í Reykjavík með því að styrkja námskeið sem haldin eru fyrir ákveðna aldurshópa af Myndlistaskólanum í Reykjavík, skv. lýsingu í 2. gr. samningsins.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg auk þess sem styrkþegi skal m.a til samræmis við reglurnar skila skóla- og frístundaráði kyngreindum gögnum um þá sem veita eða njóta e.a. njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

2. gr.

Styrkt verkefni í Myndlistaskólanum í Reykjavík

2.1 Myndlistaskólinn í Reykjavík býður börnum og ungmennum almenn vetrarnámskeið á vettvangi skólans í samræmi við samningi þennan. Að jafnaði kenni skólinn á önn minnst 164 nemendum, á leik- og grunnskólaaldri, með lögheimili í Reykjavík, á almennum vetrarnámskeiðum sem fram fara í húsnæði skólans. Fyrir yngri hópana er boðið upp á almenn myndlistarnámskeið, þar sem nemendur kynnast ólíkum efnum og aðferðum en fyrir þá eldri er boðið upp á sérhæfðari námskeið, s.s. í teikningu og málun, myndasögugerð, hreyfimyndagerð, leirmótun og brennslu, skúlptúr og vídeólist. Á öllum námskeiðum eru viðfangsefni tengd listamönnum og listastefnum, þannig að börnin kynnast heimi myndlistarinnar og listasögunnar um leið og þau læra ólíka tækni og aðferðir.

Námskeiðin skulu vera í samræmi við almenn tilboð um vetrarnámskeið á vegum skólans og uppfylla skilyrði vegna nýtingar frístundakorts borgarinnar.

Styrkfjárhæð skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur til skólans vegna þessarar starfsemi er 22.000.000 kr. á gildistíma samningsins.

Greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega í 12 jöfnum greiðslum, eftirá.

2.2. Myndlistaskólinn setur í ársskýrslu í júní með lýsingu á framkvæmd þeirri sem fram fer á grundvelli þessa samnings. Þar er meðal annars gerð grein fyrir nemendafjölda, helstu verkefnum og



framkvæmd þeirra, kennurum og öðru sem samningsaðilar vilja hafa í slíkri skýrslu. Hægt er að kalla eftir áfangaskýrslu ef þess er talin þörf að mati styrkveitanda.

3. gr.

Áhrif fjölgunar nemenda og breytingar á tilboðum

Fækki skólinn tilboðum til barna og ungmenna í Reykjavík eða nýting þeirra dregst saman miðað við þær forsendur er koma fram í 2. gr. hér að framan mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkur endurskoða styrkuppþæðina og má skólinn þá búast við lækkaðri styrkfjárhæð í samræmi við breyttar forsendur.

4.gr.

Upplýsingar og eftirlit

4.1 Myndlistaskólinn skilar ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí ár hvert um liðið fjárhagsár.

4.2 Myndlistaskólinn veitir skóla- og frístundasviði Reykjavíkur allar upplýsingar um starfsemi Myndlistarskólans sem beðið er um, svo sem um nemendafjölda, aldur nemenda, búsetu nemenda og bókhald skólans. Enn fremur allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttektar sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða myndmenntakennslu í Reykjavík almennt.

5. gr.

Endurkrafa vegna ofgreiðslu eða vanefnda

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka styrkfjárhæð til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Verði á samningstímanum vanefndir á samningi þessum af hálfu skólans hvað varðar framkvæmdar þess sem hér er um samið áskilur skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sér rétt til að stöðva greiðslur tafarlaust.

7. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2026 og rennur út 31. júlí 2027 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Samningurinn er uppsegjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.



8. gr.

Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnsýslumála

Starfsfólk Myndlistaskólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

9. gr.

Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði persónuverndar. mun sú vinnsla vera í samræmi við persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem Reykjavíkurborg hefur kynnt verktaka við undirritun samnings þessa og er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

Komi til vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Myndlistaskólans fyrir Reykjavíkurborg í skilningi persónuverndarlaga, skal Reykjavíkurborg teljast ábyrgðaraðili í skilningi laganna og Myndlistaskólinn vinnsluáðili, enda leiði ekki annan skilning af lögnum. Myndlistaskólanum er þá einungis heimilt að starfa í samræmi við skrifleg fyrirmæli Reykjavíkurborgar.

Feli þjónustan í sér vinnslu persónuupplýsinga skulu samningsaðilar gera með sér sérstakan vinnslusamning og skal slíkur vinnslusamningur vera viðauki við samning þennan.

10. gr.

Framsal

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt styrktarsamningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

11. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um styrktarsamning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

12. gr.

Undirritun

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verk svið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærrí styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.

Minnisblað lagt fram á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um næstu skref í samstarfi skólans og borgarinnar, 28. apríl 2026

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur átt í farsælu samstarfi við Reykjavíkurborg í 80 ár. Við skólann hafa alla tíð starfað frábærir og skapandi kennarar sem jafnframt hafa verið, og eru, starfandi listamenn en skólinn leggur metnað í að opna heim myndlistarinnar fyrir nemendum. Óhætt er að segja að barnastarf skólans hafi lagt grunn að farsælum ferli fjölmargra myndlistarmanna en stór hluti þeirra listamanna sem í dag skara fram úr á sviði myndlistarinnar kynntust töfrum myndlistarinnar á námskeiðum í Myndlistaskólanum.

Við upphaf síðasta skólaárs festi skólinn kaup á þremur hæðum á Rauðarárstíg10, við mikinn fögnuð borgaryfirvalda. Flutningarnir og ásýnd skólans á nýjum stað eru í raun rausnarleg gjöf til borgarinnar sem einmitt stendur í kostnaðarsömu átaki við að lyfta svæðinu upp úr þeirri lægð sem það hefur verið í um langt árabíl. Það er samdóma álit allra sem rætt hefur verið við innan borgarkerfisins að það að fá menningarstofnun á borð við Myndlistaskólann á torgið sé ómetanlegt fyrir svæðið. Margir lofuðu fullum stuðningi við þá allt of stóru framkvæmd sem það var fyrir svo fámennt starfslið að flytja jafn umfangsmikla starfsemi. Enn sem komið er hefur lítið orðið úr efndum.

Aðalhvatin að flutningunum var hve illa skólinn var staðsettur með tilliti til barnastarfs en borgaryfirvöld hafa lagt áherslu á að skólinn þjónusti börn um alla borg. Skólinn hefur gert ýmsar tilraunir til að koma til móts við þá kröfu borgarinnar s.s. með því að tapa vísvitandi á rekstri útibúa í úthverfum borgarinnar. Flutningunum að Hlemmi var fyrst og fremst ætlað að auðvelda börnum og ungu fólki aðgengi að skólanum en svæðið hefur auðvitað þungt vægi í samgönguáætlun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Nýja húsnæðið var innréttað sérstaklega utan um starfsemi skólans og var t.d. mjög mikið litið til samstarfsverkefnis skólans við leik- og grunnskóla sem þá hafði verið bundið í samninga í sjö ár. Það var því stórt rekstrarlegt áfall þegar tilkynnt var með nánast engum fyrirvara, að sá samningur sem fjallaði um u.þ.b. 60% af framlagi borgarinnar til skólans, yrði ekki framlengdur fyrir yfirstandandi skólaár. Það var ekki eingöngu áfall fyrir skólann heldur hafa fjölmargir kennarar og skólastjórnendur haft orð á því hvílík eftirsjón sé að því verkefni og erfitt er að segja hve mörg börn hafa með þessu misst mikilvægt tækifæri til að kynnast myndlistinni sem alvöru viðfangsefni.

Það er alkunna að fólk er ólíkt og mörg börn sem þrífast illa innan hefðbundins skólaramma blómstra í listastarfi. Listirnar eru margar og margt er vel gert á þessu sviði og má nefna starf skólahljómsveita á vegum borgarinnar sem er til fyrirmyndar. Hljómsveitarstarf hentar þó ekki öllum börnum. Sum finna sig einmitt í myndlistinni og það er ekkert leyndarmál að myndlistarkennsla er mismikil og misgóð milli skóla.

Skv. umræddum samningi um leik- og grunnskólasamstarf fékk skólinn árlega 30,180.000 árin 2018-2025. Fyrir þá upphæð tók skólinn á móti 7-800 börnum árlega sem hvert og eitt sótti 2ja til 6 morgna listasmiðju í Myndlistaskólanum, ásamt kennurum sínum og bekkjarfélögum (fjöldi skipta fór eftir aldri).

Frá árinu 2018 hefur samningurinn um frístundanám fyrir börn og unglinga hljóðað upp á 22,000.000 kr. og var verkefni skólans að kenna að lágmarki 164 nemendum á hvorri vetrarönn eða samtals 328 börnum á ári. Það gerir niðurgreiðslu um 67.000 kr. á barn. Þegar samningurinn 2018-21 var endurnýjaður óbreyttur til ársins 2024 fylgdu skýr loforð um að upphæðin yrði hækkuð verulega að þeim tíma liðnum. Það hefur enn ekki raungerst.

Enn er þó ekki öll nótt úti fyrir borgina að koma til móts við þarfir fjölmargra barna sem áhuga hafa á myndlist með því að sýna Myndlistaskólanum meiri stuðning en forsendur fyrir öflugum samstarfi eru einmitt sterkari nú en nokkru sinni fyrr. Við viljum leggja áherslu á að horfa fram á veginn.

Við sjáum sérstaklega tækifæri í eftirfarandi:

1. Samfélagslegu gildi þess að jafna aðgengi barna að myndlist

Skipulögð námskeið og vinnustofur sem styðja sköpun, sjálfstraust og fjölbreytta tjáningu barna. Auknar niðurgreiðslur borgarinnar tryggja að öll börn, óháð bakgrunni eða aðstæðum, fá tækifæri til listnáms við hæfi.

2. Samfellu í frístundanámi

Næsta haust verður boðið upp á samfellt frístundanám svo börn geti enn frekar þróað hæfileika sína, stig af stigi. Tilraun verður gerð með einn hóp á aldrinum 13-16 ára. Könnun var gerð meðal foreldra og voru viðbrögðin mjög góð.

3. Sérfræðiþekkingu fyrir borgina

Skólinn hefur um árabil verið í samstarfi við skóla- og frístundasvið um endurmenntun kennara. Aðgangur að fagmenntuðum kennurum í myndlist, hönnun og skapandi greinum er góður stuðningur við skólustarf og ný verkefni. Skólinn tekur einnig á mótí vinnustaðahópum til að efla starfsanda og ánægju en um slík verkefni er samið í hvert sinn.

4. Nýtingu öflugrar aðstöðu í miðborginni

Húsnæði skólans á góðum stað með aðstöðu sem hentar námskeiðum, vinnustofum og samstarfi og eru möguleikarnir í raun óendanlegir.

Við hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík höfum einlægan áhuga á að vinna með Reykjavíkurborg að lausnum sem nýtast börnum og fjölskyldum í borginni. Við erum tilbúin til að leggja okkar af mörkum með sveigjanlegum, faglegum og metnaðarfullum hætti.

